

# Umsagnir dómnefndar vegna Ljósmyndasýningar

## Blaðljósmyndarafélags Íslands 2004



Nýlokið er sýningu Blaðljósmyndarafélagsins sem sett var upp í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs. Við opnun sýningarinnar var tilkynnt um úrslit í samkeppni Blaðljósmyndarafélagsins um Mynd ársins 2003. Sigurrós Þorgrímsdóttir formaður listaráðs bauð gesti velkomna fyrir hönd Gerðarsafns, Maía Karen forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur flutti ávarp um sýningu á ljósmyndum Magnúsar Ólafssonar, en sú sýning er gestasýning félagsins að þessu sinni, því sú hefð hefur skapast að bjóða til einhverjum að hafa einkasýningu á neðri hæð

Gerðarsafns samhliða Mynd ársins. Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands opnaði sýningarnar og að því loknu kynnti Bjarni Eiríksson formaður dómnefndar úrslitin. Þrjátíu ljósmyndarar sendu inn um 915 ljósmyndir í forval þar sem dómnefnd valdi um 180 myndir sem eru á þessari sýningu ásamt verðlauna-myndunum. Sú nýbreytni var við val á þessum myndum að forvalið fór fram á stafrænu formi þar sem myndirnar voru skoðaðar á risaskjá.

*Jón Svavarsson sýningastjóri*

### Daglegt líf



*Arni Sæberg/  
Morgunblaðið.*

### Fallegur hundur

Alexöndru Dóru, 9 ára, og Svanhildi Alexöndru, 8 ára, sem búa á Akranesi, langaði óskaplega mikið að fá að klappa hundinum Sesari er hann beið í bílnum í öllum hitanum og sólinni uppi á Skaga í gær. Sesar er gæfur hundur og tók allri athygli með stökustu ró.



### Umsögn dómnefndar

Hlýleg mynd af hversdaglegu atviki sem sýnir vel dálæti barna á dýrum.

**Veðlaun veitir Opin kerfi hf**

## Þjóðlegasta myndin



Árni Torfason/  
Morgunblaðið

Þjóðin skemmti sér saman á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, enda sjaldan eins fjölbreytt dagskrá í boði á einum degi. Margar fjölskyldur litu niður í miðbæ Reykjavíkur um daginn enda margt við að vera. Björn, Breki, Úlla og Bjarni voru forsjal og gátu skýlt sér fyrir rigningunni.

### Umsögn dómnefndar

Hvað er þjóðlegra en rigning og regnhlífur á 17. júní?

Veðlaun veitir Hans Petersen

## Blautur þjóðhátíðardagur



Þorvaldur Örn  
Kristmundsson/DV

Víkingur í Hafnafirði bíður eftir strætó. Búinn að leggja skipi sínu og stendur við strætóstaurinn grár fyrir járnnum og við öllu búinn.

### Umsögn dómnefndar

Skopleg uppsetning þar sem blandast saman faratæki tveggja ólíkra tíma á gamansaman hátt.

Veðlaun veitir JT veitingar Hótel Loftleiðum

## Skop



## Víkingur bíður eftir strætó





Gísli Egill  
Hrafnsson/Fróði.

## Friðhelgi heimilisins

### Umsögn dómnefndar

Óvenjuleg uppstilling en um leið tvíræð framsetning á myndefni og gefur þess vegna myndinni meiri dýpt. Valið er áhorfandans.

Veðlaun veitir Heitt og Kalt veitingastaður Grensásvegi 8



## Tímaritamynd



Blaðaljósmyndarafélag  
Íslands 2004



Ární Sæberg/  
Morgunblaðið.

## Ketti bjargað úr vatnsröri

Starfsmenn fjarskiptastöðvarinnar í Gufunesi stóðu í stórræðum í gærkvöldi. Ráðist var í miklar björgunaraðgerðir til að ná ketti út úr holræsi, en hann hafði skriðið þar inn og fest sig. „Þetta er svona mannlegur þáttur sem við vorum að glíma við,“ segir Hafsteinn Guðmundsson vaktstjóri. Bjargvætturinn Ragnar Kummer lyftir Áka fagnandi upp úr skítugu og blautu ræsinu.



### Umsögn dómnefndar

Skemmtileg og lýsandi myndröð sem snertir við fólki. Góð og hnitmiðuð frásögn af björgun kattar úr sjálfheldu.

Veðlaun veitir  
Tveir Fiskar  
veitingahús við höfnina



Myndaröð

## Portrett



## Helgi Hóseasson

Byr ekki til vísur til að verða frægur. Mótmælaspjöld standa um alla íbúðina og bíða þess að fá að tjá sig. Úrklippur hanga uppi um alla veggi, á bókarkápum, jafnvel á eldhúsrúllustandinum og flestar með páruðum athugasemdum eða feitletrunum. Innan um þær stendur maður með hvítt hár og skegg. Hann mótmælir hvers kyns óréttlæti í heiminum, en umfram allt vill hann fá skírn sína og fermingu ógilda í þjóðskrá. Maðurinn er Helgi Hóseasson.

### Umsögn dómnefndar

Stærkt portrett af óvenjulegum manni sem ekki hefur bundið bagga sína sömu hnútum og aðrir. Á beinskeyttan hátt lýsir myndin vel þjóðþekktum einstaklingi.



Veðlaun veitir  
Og Vodafone



Kristinn  
Ingvarsson/  
Morgunblaðið.

## Ípróttamynd



Brynjar Gauti/  
Morgunblaðið.

## Íris Edda Heimisdóttir

í 200 metra bringusundi á Smáþjóðaleikunum á Möltu.

### Umsögn dómnefndar

Dynamísk mynd sem tekin er á augnabliki sem erfitt er að ná. Uppbygging einföld en áhrifarík.

Veðlaun veitir Morgunblaðið

## Fréttaljósmynd og mynd ársins



*Pjetur  
Sigurðsson/DV.*

### Norðurljósinn seld

Jón Ólafsson, fyrrum eigandi Norðurljósa, kemur til landsins í einkapötu til að ganga frá sölu á fyrirtæki sínu.

#### Umsögn dómnefndar

Góð fréttamynd þar sem margt er gerast samtímis. Fangar vel hraða nútímaviðskiptahátta þar sem mikið er lagt undir og tíminn oft knappur.

**Veðlaun veitir  
Hans Petersen og  
Bláðamannafélag Íslands**

